



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um eignarhald lóða**

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fékk til umsagnar dags. 25.5.2023. eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um eignarhald lóða Reykjavíkur:

Spurt er út í fjölda byggingarheimilda sem voru tilbúnar og með samþykkt deiliskipulag við árslok 2022. Óskað er eftir upplýsingum um eignarhald á þeim lóðum, þ.e.a.s hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu einkaaðila sem hugðust byggja fyrir almennan markað. Hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar fyrir almennan markað? Hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu húsnæðisfélaga? Hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar fyrir húsnæðisfélög? Hvernig skiptist hlutfallið á milli þessara fjögurra skiptinga? Til skýringar er óskað eftir svörum út frá þeirri uppsetningu sem finna má í fyrsta ársfjórðungsyfirliti árið 2022 með húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar á bls. 16 sem ber heitið „Samþykktar byggingarheimildir“.

### **Svar:**

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara vinnur nú að gerð yfirlits um þróun húsnæðisuppbyggingar árið 2023 en útgáfu ársfjórðungsskýrsla var hætt tímabundið vegna umbreytingu og innleiðingu nýs fyrirkomulags gagnaskráningar hjá embætti byggingarfulltrúa. Stefnt er að útgáfu yfirlitsins á fyrstu vikum ársins 2024 og er gert ráð fyrir að það innihaldi upplýsingar um eignarhald lóða eins og óskað er eftir í fyrirspurninni. Þá verður kortasjá húsnæðisuppbyggingar uppfærð til samræmis.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari